

## 10. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

10. september 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:15

**Mætt eru:** Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ) og Inger Erla Thomsen (IET), ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Fundurinn var ólöglegur og voru ákvarðanir teknar með fyrirvara þar til fundargerðin var samþykkt á 11. stjórnarfundum 20. september 2018.

*Fundur settur 18:40*

### Dagskrá:

1. **Fundargerð 9. stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:** TI sagði frá fundi Æskulýðsráðs sem hún sótti 29. ágúst, einkum frá starfi Íðorðanefndar.
3. **Kærumálið:** Áskorun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frestaðist. Ákveðið var kynna málið betur fyrir fulltrúaráði og fá fleiri félög sem meðáskorendur áður en haldið er lenga.
4. **Tengslanetaviðburður:** Ákveðið var að taka næstu skref í samráði við fulltrúaráð.
5. **Leiðtogaskólinn:**
  - a. TI kynnti niðurstöður valnefndar og fullskipað þjálfarateymi LUF. Stjórn gerði engar athugasemdir við störf nefndarinnar.
  - b. Undirbúningsfundur þjálfarateymis er á morgun 11. september kl. 19. Teknar voru ákvarðanir um fundarstjórn og skipulag.
6. **Alþjóðamál:**
  - a. LMJ og TI munu sækja fund með Félagi Sameinuðu þjóðanna miðvikudaginn 12. september kl. 15:00.
  - b. Rannsókn YFJ um heimsmarkmiðin: TI var falið að svara könnun og upplýsir RKF um starfshópinn.
7. **2. Fulltrúaráðsfundur:** Ákveðið var að halda næsta fulltrúaráðsfund mánudaginn 24. september. TI var falið að senda út fundarboð ásamt áskorun. Dagskrá verður send út síðar.
8. **Næsti stjórnarfundur verður 17. september.**
9. **Önnur mál:** Engin bárust.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:20*

*TI ritaði fundargerð.*